



FJARÐABYGGÐ

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar árið 2015

Samþykkt í
bæjarstjórn Fjarðabyggðar

4. desember 2014

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015	3
1.2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2015	6
1.3. FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2015.....	8
1.4. FJÁRFESTINGAÁÆTLUN 2015.....	12
1.5. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2015	13
1.6. REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2015.....	15
1.7. EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2015.....	16
1.8. SJÓÐSSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2015	17
1.9. MÁLAFLOKKAYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2015	18

1. Fjárhagsáætlun 2015

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2015 er hér lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Tillagan samanstendur af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar um A hluta bæjarsjóðs og samantekin A og B hluta, ásamt greinargerð. Í A hluta er aðalsjóður, auk eignasjóða. Í B hluta eru veitustofnanirnar rafveita, hitaveita, vatnsveita og fráveita auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar.

Grunnmarkmið fjárhagsáætlunar Fjarðabyggðar 2015 er að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélagsins enn frekar. Að því markmiði er einkum unnið með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi að afgangur verði af rekstri sveitarfélagsins. Nægjanlegur afgangur verður að vera til þess að hægt sé að standa undir afborgunum lána og skuldbindinga. Markmið um að reksturinn sé rekinn með afgangi, kallar á stöðuga skoðun þess að jafnvægi sé á milli tekna og gjalda. Lækki tekjur þarf að tryggja að gjöld lækki á móti, þannig að ekki verði tap af starfseminni. Hallarekstur sveitarfélags er ávísun á ótraustan rekstrargrundvöll til skemmri og lengri tíma.

Í öðru lagi að taka ekki lán fyrir rekstri eða afborgunum lána. Samhliða uppbyggingu álvers á árunum 2004 – 2008 og þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem átti sér þá stað, var fjárfest með umtalsverðum hætti í innviðum sveitarfélagsins. Slík fjárfesting á skömmum tíma kallaði á lántökur, en þó ávallt með það að leiðarljósi að aukin atvinnustarfsemi myndi gera sveitarfélaginu kleift að standa undir þeim skuldbindingum. Þrátt fyrir mikið efnahagslegt hrun árið 2008 hafa áætlanir gengið eftir og sýna langtímaáætlanir að innan fárra ára verður skuldsetning sveitarfélagsins innan þeirra viðmiðunarmarka sem sett hefur verið í lögum. Að öllu jöfn er eðlilegt að taka lán s.s. fyrir fjárfestingum og dreifa til nokkurra ára, standi rekstur á annað borð undir slíkri skuldbindingu. Í tilfelli Fjarðabyggðar þarf að vinna að lækkun skuldaviðmiðs í átt að lögbundnu markmiði, aukin lántaka vinnur á móti því markmiði. Tryggja þarf að nægt handbært fé sé til staðar, svo ekki þurfi að koma til þess að sveitarfélagið þurfi að sækja yfirdráttarlán til bankastofnana. Á hverjum tíma þarf handbært fé hjá sveitarfélaginu að vera um 300 m.kr. Sem dæmi eru útborguð laun um hver mánaðarmót ásamt launatengdum kostnaði 150 – 200 m.kr. Eins og glögggt má sjá, er því nauðsynlegt að loka áætluninni með nægu handbæru fé, til þess að koma í veg fyrir frekari lántöku. Þetta mun takast í fjárhagsáætlun ársins 2015.

Í fjárhagsáætlun 2015 er ofangreindum leiðum fylgt, til þess að hægt verði að ná fram því markmiði að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir 4,5% hækkun á tekjum sveitarfélagsins, en nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, að afurðaverð útflutnings í fiski og áli getur lækkað og haft þannig áhrif á tekjur sveitarfélagsins, s.s. vegna óvissu í uppsjárvarveidum, sér í lagi loðnu, sem og skerðing í kvóta. Því eru tekjuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2015 unnin með ákveðinni varúð samkvæmt venju. Tekjugrunnurinn er engu að síður sterkur, en hann byggir á styrkum stoðum sjávarútvegs, álvinnslu, sem og þjónustu sterkra þjónustufyrirtækja. Þjónustuiðnaður við útflutningsgreinarnar skiptir miklu máli og er vaxandi þáttur í sveitarfélaginu. Slík fyrirtæki hafa verið byggð upp í kringum álversuppbygginguna og munar mikið um starfsemi þeirra. Líkt og í fjárhagsáætlun fyrri ára má merkja aukinn kraft hvað varðar almenna þjónustu í sveitarfélaginu, s.s. í ferðaþjónustu,

gistingu, veitingarekstri, verslun o.fl. Framboð á gistimöguleikum er að aukast sem og framboð veitingaaðstöðu og afþreyingu, sem mun laða að ferðamenn og bæta þjónustu með enn öflugri hætti en áður. Þá munu a.m.k. 9 skemmtiferðaskip koma til Fjarðabyggðar í 13 ferðum á árinu 2015. Allt framangreint styrkir samfélagið og rekstrargrundvöll sveitarfélagsins.

Hvað útgjaldahliðina varðar, verður mikil aðhaldssemi viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins á næsta ári og dregið verður úr einhverjum rekstrarþáttum, sem m.a. er lýst í starfsáætlunum. Laun og almennur rekstrarkostnaður hafa hækkað umfram tekjur frá árinu 2013 sem nemur 279 m.kr. Mikilvægt er að til skemmri og lengri tíma verði skoðað með hvaða hætti dregið verði úr rekstrarumfangi sveitarfélagsins án þess þó að það komið niður á þjónustu við íbúa. Skoða þarf hvernig hægt er að ná hámarks hagræðingu í þjónustu sveitarfélagsins og gera ýmsa rekstrarþætti stofnana hagkvæmari og einfalda stjórnun þeirra. Þessi vinna fari fram m.a. með utanaðkomandi ráðgjöf og samráði við íbúa sveitarfélagsins og verði að mestu lokið vorið 2015.

Fjárhagsáætlun 2015 felur í sér aukna velferð fyrir fjölskyldufólk í Fjarðabyggð. Gjaldskrá fæðis í skólum lækkar, leikskólagjöld standa í stað og komið verður á systkinaafslætti milli frístundaheimila og leikskóla. Systkinaafslætti leikskólagjalda er haldið óbreyttum en hann, ásamt tónlistarskólagjöldum, er með því besta sem gerist á landinu. Stefnt er að því að styrkja þjónustu í leik- og grunnskólum á árinu 2015. Kennsluráðgjöf Skólaskrifstofu Austurlands verður aukin um eitt stöðugildi, svo dæmi sé tekið.

Þá hefur verið ákveðið að keyptur verði tölvubúnaður í grunn, leik- og tónlistarskóla, en með því verður starfsumhverfi kennara bætt sem hefur jákvæð áhrif á þjónustu við nemendur. Um er að ræða tölvur handa starfsfólki og þráðlausar tengingar í leikskólum.

Áfram verður unnið í umhverfismálum í hverfum sveitarfélagsins, göngu og hjólastígar kortlagðir og áfangaskiptir og unnið að deiliskipulögum hverfa og svæða, sem nánar er gerð grein fyrir í starfsáætlun. Mikilvægt er að halda uppi þeim metnaði og árangri sem náðst hefur í fegrun svæða og hverfa á liðnum árum. Sorpflokkun og endurvinnsla skipar sífellt stærri sess í rekstri sveitarfélagsins og verður ráðinn starfsmaður á komandi ári, til þess að sinna þessum mikilvægu þáttum, með það að markmiði að draga úr urðun, auka endurvinnslu og kynningu, ásamt því að lækka kostnað íbúa við sorphirðu og fyrrgreinda þætti.

Framkvæmdir verða töluverðar á árinu 2015. Framkvæmdir munu hefjast við nýjan leikskóla í Neskaupstað og unnið verður að ofanflóðavörnum í Neskaupstað og á Eskifirði. Þá verða framkvæmdir áfram töluverðar á vettvangi Fjarðabyggðarhafna. Heildarfjármagn til framkvæmda á árinu 2015 er áætlað 662 m.kr. Gert er ráð fyrir í áætlun Fjarðabyggðar að sterk sjóðstaða og fjárflæði frá rekstri, muni standa undir fjárfestingum sem og afborgunum ársins.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins á síðustu árum og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins með sérstaka áherslu á fræðslu-, uppeldis- og æskulýðsmál. Hægt er

að segja með sannni að ekki hafi átt sér stað veruleg þjónustuskerðing, þó aðhald hafi vissulega verið mikið.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2015 er gjaldskrár breytt eftir mismunandi forsendum með tilliti til áherslna bæjarstjórnar, verðlagsþróunar og annarra ákvarðana nefnda, stjórnar og ráða.

Eins og áður sagði verður áfram mikið aðhald í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra. Fjárhagsáætlunin sem hér er lögð fram í dag, er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem settar voru á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Eins og komið hefur í ljós draga sterkir innviðir sveitarfélagsins að sér áhuga fjárfesta til að byggja upp atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Hefur þessi áhugi einkum verið vegna uppbyggingar hafnsækinnar starfsemi í fjórðum Fjarðabyggðar, m.a. vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Slíkur áhugi sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins til framtíðar og endurspeglar m.a. í þeirri fjárhagsáætlun sem lögð er fram hér í dag.

En nú skal vikið að helstu niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2015.

1.2. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015

Heildartekjur samstæðu A og B hluta eru áætlaðar 5.549 m.kr. á árinu 2015 en heildarkostnaður 4.799 m.kr. Þar af eru launaliðir 2.669 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.687 m.kr. og afskriftir 443 m.kr. Heildartekjur í A-hluta eru áætlaðar 4.141 m.kr. en heildarkostnaður 3.856 m.kr. Þar af eru launaliðir 2.454 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.181 m.kr. og afskriftir 221 m.kr.

Rekstrarafgangur samstæðu A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 750 m.kr. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 285 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 342 m.kr. og í A hluta að fjárhæð 17 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld samstæðu eru áætluðuð 376 m.kr. og 267 m.kr. hjá A-hluta.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 8.980 m.kr. í árslok 2015 hjá samstæðu A og B hluta og 8.076 m.kr. hjá A hluta. Þar af eru reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 1.929 m.kr. hjá samstæðu og 1.809 m.kr. hjá A-hluta. Á meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi eru skuldir við lánastofnanir 4.288 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir 882 m.kr. hjá samstæðu. Hjá A hluta eru skuldir við lánastofnanir á meðal langtímaskulda að fjárhæð 2.802 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir að fjárhæð 844 m.kr.

Í 64 gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, er tóku gildi 1. janúar 2012, er kveðið á um að skuldaviðmið A og B hluta sé ekki hærra en sem nemur 150% af reglubundnum tekjum Fjarðabyggðar. Gefinn var 10 ára aðlögunartími til að ná hlutfallinu eða til ársins 2022 en Fjarðabyggð uppfyllti ekki þetta skilyrði laganna. Miðað við skilgreiningu á skuldaviðmiði, samkvæmt útgefinni reglugerð, er framangreint skuldaviðmið áætlað 148% í árslok 2015 hjá samstæðunni. Miðað við langtímaáætlun bæjarstjórnar (10 ár, 2013-2023) var gert ráð fyrir að sveitarfélagið myndi ná viðmiðunarhlutfallinu, 150%, í árslok 2018. Með aðhaldi í rekstri, atvinnuuppbyggingu, öflugum sjávarútvegi, álframleiðslu og þjónustu ásamt lækkandi verðbólgu hefur þetta markmið nást enn fyrr en áætlað var.

Í fjárhagsáætlunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að horfa á sjóðstreymi í A hluta með það að markmiði að veltufé standi undir greiðslum af lánum og öðrum skuldbindingum. Það markmið næst ekki á árinu 2015 vegna framkvæmda við nýjan leikskóla á Norðfirði. Það sama á við um samstæðu Fjarðabyggðar í heild. Lögð er áhersla á að rekstur B hluta fyrirtækja sé í rekstrarlegu jafnvægi og sjóðflæði standi undir öllum skuldbindingum. Sveitarfélagið hefur ávallt verið í góðum samskiptum við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldastöðu þess.

Eigið fé samstæðunnar er áætlað 2.655 m.kr. í árslok 2015 og eiginfjárlutfall 22,8%. Í A hluta er eigið fé áætlað neikvætt um 90 m.kr. í árslok 2015.

Í sjóðstreymisyfirliti er handbært fé frá rekstri í samstæðu 2015 áætlað 1.074 m.kr. og afborganir langtímalána 613 m.kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nemur 165 m.kr. Handbært fé frá rekstri í A hluta nemur 442 m.kr. og greiðslur til A hluta af langtímakröfum eru 34 m.kr. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 412 m.kr í A hluta. Gert er ráð fyrir að hluti sveitarfélagsins í framkvæmdum við snjóflóðavarnarmannvirki á Norðfirði á árinu 2015 verði

fjármagnaður með láni frá Ofanflóðasjóði samtals að fjárhæð 30 m.kr. á árinu 2015. Handbært fé í árslok 2014 er áætlað 448 m.kr.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er framlegðarhlutfall (EBIDTA) 21,7 í samstæðu og 12,2% í A hluta. Háar útsvarstekjur á íbúa, hátt atvinnustig og sterk staða fyrirtækja á svæðinu gerir það að verkum að sveitarfélagið getur tekist á við rekstur og skuldir af krafti á komandi árum.

Heildarfjárfesting á árinu 2015 er áætluð samtals 663 m.kr. Stærstu verkefni á næsta ári er lok á umfangsmiklum framkvæmdum við stækkun togarahafnar á Norðfirði auk annarra verkefna hafnarsjóðs, framkvæmdir við nýjan leikskóla í Neskaupstað, áframhaldandi bygging snjóflóðavarnarmannvirkja á Norðfirði, og Eskifirði auk minni verkefna víðs vegar um sveitarfélagið.

Til viðhaldsverkefna á fasteignum Fjarðabyggðar og leiguíbúðum er gert ráð fyrir að verja um 82 milljónum kr.

1.3. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2015 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 3.505 m.kr. samanborið við 3.384 m.kr. í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Aukning á milli ára nemur 3,6% og skýrist aukningin af hækkun jöfnunarsjóðsframlags, útsvarstekna og tilfærslum milli vatnsgjalds og fasteignaskatts. Skatttekjur haldast ekki í hendur við aukinn launa- og rekstrarkostnað milli ára.

Útsvar:

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,48%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 4,1% og verði 2.377 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 2.284 m.kr. í áætlun ársins 2014. Útsvarstekjur ársins 2014 stefna í að verða um 2.301 m.kr. og er því raunbreytingin frá væntri niðurstöðu ársins 76 m.kr.. Almenn er gert ráð fyrir 6,1% hækkun tekna í sveitarfélaginu.

Vegna hækkunar á heimild framlagi launþega í séreignasparnað úr 2% af launum í 4% af launum er áætlað að útsvarstekjur Fjarðabyggðar lækki um 30 m.kr. á árinu 2015 vegna breytingarinnar.

Áfram er gert ráð fyrir samdrætti í veiðum á loðnu frá árinu 2013 en aðrar veiðiheimildir í uppsjávarfiski haldist lítt breyttar milli ára. Afurðarverð virðist hafa náð stöðuleika og ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á næstu mánuðum í helstu afurðum sem landað er í Fjarðabyggð. Þrátt fyrir að nokkurrar óvissu gæti um þróun útsvarstekna í sveitarfélaginu tengdum sjávarútvegi, er gert ráð fyrir að útsvarstekjur vegna sjávarútvegsins í Fjarðabyggð verði svipaðar á árinu 2015 og á árinu 2014. Tekin er sérstök varúðarfærsla í mati á spá fyrir útsvarstekjum á árinu 2015.

Varðandi aðra launaþróun í Fjarðabyggð er gert ráð fyrir almennum launabreytingum á árinu 2015 sem nemur 6,2% þ.e. meðalbreyting launa frá 2014 til 2015. Óvissa er um komandi kjarasamninga en gert ráð fyrir að grunnskólakennarar samþykki fyrirhugaða breytingu á vinnutímaskilgreiningu á næsta ári. Þessi óvissa á þó ekki við um sjávarútveginn þar sem stór hluti launagreiðslna er tengdur þróun gengis og afurðaverðs og áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttu gengi og lítt breyttu afurðaverði.

Ekki er reiknað með neinni eftirálagningu útsvars vegna ársins 2014 í útsvarstekjum ársins 2015. Eftir á álagning nam um 40 m.kr. á árinu 2014.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Vatnsgjald er hátt í Fjarðabyggð. Ákveðið hefur verið að lækka vatnsgjaldið um tæpar 11 milljónir króna en hækka á móti fasteignaskatt um sömu upphæð. Áhrif þessa hefur ekki áhrif á heildar fasteignagjöld Fjarðabyggðar eða einstakra fasteignaeigenda, einungis skiptingu milli tegunda gjalda.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðarleigu er byggt á útgefni fasteigna- og lóðarmati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2015. Samkvæmt útgefni mati stendur fasteignamat allra íbúðarhúsa í Fjarðabyggð í stað milli ára en atvinnuhúsnæðis hækkar um 8,4. Stofn lóðarleigu breytist óverulega. Gert er ráð fyrir eftirfarandi álagningarhlutföllum á árinu 2015:

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði 0,48% og hækki um 3 prómill sbr. hér að ofan um lækkun vatnsgjalds.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði fer úr 1,55% í 1,63% og hækki um 3 prómill sbr. hér að ofan um lækkun vatnsgjalds.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%
- álagningarhlutfall lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verður óbreytt eða 0,53%
- álagningarhlutfall lóðarleigu atvinnuhúsnæðis verður óbreytt eða 2,0%

Breyting á matsstofni og breyting álagningarhlutfalls mun auka fasteignaskattstekjur sem nemur 7,6 m.kr. á íbúðarhús og 2 m.kr. á atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að fyrirbyggjandi lagabreyting í fjárlögum um álagningarstofn atvinnuhúsnæðis verði samþykkt. Á móti hækkingu tekna kemur hækking tekjumarkna vegna afsláttar til eldri borgara og öryrkja. Áætlað er að um 5,1 m.kr. verði veittar í afslátt til þessa hóps af fasteignagjöldum á árinu 2015.

Hækking fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 7,7 m.kr. á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Gert er ráð fyrir að framlög frá jöfnunarsjóði verði í samræmi við útgefna áætlanir sjóðsins á árinu 2014 eða 2015 og nemi samtals 456 m.kr. á árinu. Tekjur jöfnunarsjóðs grundvallast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem síðan er deilt út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars vegna næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans)
- Vaxtatekjur.

Með flutningi á málefnum fatlaðra um áramótin 2011/2012 bættust við 1,2% við útsvarstofn sveitarfélaga. Af 1,2% hækkingu koma 0,25% með útsvarstekjum og 0,95% í gegnum jöfnunarsjóð. Tímabundið var hlutur jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra hækkað um 0,04% á árinu 2014 og er gert ráð fyrir þessari tímabundnu hækkingu áfram samkvæmt fjárlagafrumvarpi á Alþingi fyrir árið 2015.

Aðrar fasteignatengdar tekjur:

Vatnsgjald:

Vatnsgjald var 0,31% af húsmati í Fjarðabyggð og verður lækkað í 0,28% af húsmati. Breytingar á álagningarhlutfalli vatnsgjalds lækka tekjur þess um tæpar 11 milljónir króna á milli ára.

Hækkun vatnsgjalds vegna álvers nemur 1 m.kr. milli ára og skýrist af breytingum á byggingavísitölu.

Holræsagjöld:

Holræsagjald er óbreytt á milli ára eða 0,32% af fasteignamatsstofni. Tekjur af holræsagjaldi eru óbreyttar á milli ára í krónum talið.

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld:

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld hækka um 6,25% á árinu 2015. Gjaldið fyrir sorphreinsun verður 23.050 kr. og 10.940 kr. fyrir sorpförgun. Útreiknuð hækkun tekna er áætluð 4,5 m.kr. vegna þessa. Hækkunin umfram verðlagsbreytingar er ætlað að mæta auknum útgjöldum vegna sorphreinsunar- og sorpförgunar.

Grunnskólar, heildagsskólar, leikskólar og tónskólar

Leikskólagjöld verða ekki hækkuð á árinu 2015 og hafa þá ekki hækkað í Fjarðabyggð síðan árið 2012. Skólamáltíðir í grunnskóla munu lækka um 5%. Áætlunin fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að gjaldskrár fyrir heildagsskóla og tónskóla hækki um 3,4% en jafnframt verði tekinn upp systkinaafsláttur milli hans og leikskólans.

Aðrar gjaldskrár:

Gjaldskrár Fjarðabyggðar aðrar hækka misjafnlega eða í samræmi við verðlagshorfur, kostnaðarbreytingar í rekstri og aðrar samþykktir bæjarstjórnar. Þá eru nokkrar gjaldskrár sveitarfélagsins tengdar byggingavísitölu.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun ársins 2015 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga og tekið er tillit til fyrirséðra samningsbundinna hækkana. Laun og launatengd gjöld nema samtals 2.669 m.kr. hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2015. Þar af eru 155 m.kr. vegna reiknaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 eru laun og launatengd gjöld áætluð samtals 2.513 m.kr. og þar af var reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga 146 m.kr. Kjarasamningar sveitarfélaga hafa aukið launaútgjöld Fjarðabyggðar verulega umfram verðlag og skatttekjur. Meðhækkun launaútgjalda er áætluð 8,2% milli árána 2013 og 2014. Áætlunin gerir ráð fyrir 6,1% meðalhækkun launa frá árinu 2014 til 2015 í samræmi við spá Hagsofu Íslands.

Almennir rekstrarliðir:

Með miklu aðhaldi og hagsýni í rekstri mun annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta fyrir utan afskriftir nema samtals 1.687 m.kr. á árinu 2015 og hækka um 148 m.kr. eða um 9,2% á milli ára. Gert er ráð fyrir að veitt verði áfram framlag úr A hluta til félagslegra íbúða, úr málaflokki 02 (Félagsþjónusta), að fjárhæð 32 m.kr. vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs húsnæðis.

Afskriftir:

Afskriftir fastafjármuna nema samtals 442 m.kr. í áætlun ársins 2015 og hækka um 14 m.kr. á milli ára. Hækkun afskrifta tengist nýjum fjárfestingum sem verið er að taka í notkun á árinu 2015.

Fjármagnsliðir:

Vaxtaútreikningar í áætlun ársins 2015 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 2,7% á árinu 2015 í samræmi við þjóðhagspá Hagstofu Íslands. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2015. Langtímalán innan samstæðu þ.e. á milli A og B hluta eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

1.4. Fjárfestingaáætlun 2015

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2015 í A hluta og B hluta greinast með neðangreindum hætti:

Fjárfestingaáætlun ársins 2015	í þús kr.	Fjárfestingarí B hluta framhald.	í þús kr.
Eignasjóður		Fráveita:	
Hlutur í snjóflóðavörnum Eskifirði	15.000	Sniðræsi frá Bakkahverfi að Nese yri	6.300
Nýr leikskóli á Norðfirði	250.000	Útrásir	11.500
Lýsing í íþróttahúsi Fáskrúðsfjarðar	3.500	Skólavegur - fráveitulagnir	3.500
Ýmsar skuldbindingar	3.000	Óráðstafað	6.200
Gatnagerð - nýframkvæmdir	15.000	Samtals Fráveita	27.500
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-10.000	Vatnsveita:	
Tækjamiðstöð til tækjakaupa	11.000	Skólavegur - vatnslagnir	1.500
Samtals A - hluti Eignasjóður	287.500	Óráðstafað	4.000
Fjárfestingar hjá B - hluta stofnana		Samtals Vatnsveita	5.500
Hitaveita Fjarðabyggðar:		Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar:	
Sjálfvirkur síubúnaður	4.500	Óráðstafað	5.500
Aukið rekstraröryggi hitaveitu	3.000	Samtals Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar	5.500
Samtals Hitaveita Fjarðabyggðar	7.500	Hafnarsjóður Fjarðabyggðar:	
Rafveita Reyðarfjarðar:		Grótvörn og ófyrirséð	35.000
Endurbætur á rafstöð	3.000	Neskaupstaðarhöfn	210.000
Styrking á dreifikerfi	3.000	Reyðarfjarðarhöfn	78.000
Samtals Rafveita Reyðarfjarðar	6.000	Samtals Hafnarsjóður Fjarðabyggðar	323.000
		Samtals fjárfestingar í B - hluta	375.000
		Samtals fjárfestingar í A og B - hluta	662.500

Helsta fjárfesting í A-hluta á árinu 2015 er vegna byggingar á nýjum leikskóla í Neskaupstað auk samningsbundinna verkefna við snjó og ofanflóðavarnir á Norðfirði og Eskifirði. Þá er gert ráð fyrir nokkrum minni verkefnum. Bygging leikskólans hefur verið boðinn út og er heildarkostnaður samkvæmt áætlunum sveitarfélagsins um 600 milljónir kr.

Stærstu framkvæmdir í B-hluta eru vegna stækkunar á Norðfjarðarhöfn og bryggju í tengslum við byggingu nýrrar netagerðar.

Nánar er fjallað um fjárfestingar í starfsáætlunum einstakra sviða fjárhagsáætlunarinnar.

1.5. Samandregnar niðurstöður fjárhagsáætlunar 2015

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir

A hluti:	Ársreikningur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015
Heildartekjur.....	3.811.338	3.975.201	4.141.127
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	406.822	355.586	285.414
Rekstrarniðurstaða	285.863	89.842	17.461
Handbært fé í árslok.....	661.403	609.198	444.484
Eigið fé..... (196.854)	(107.012)	(89.551)
Skuldir og skuldbindingar.....	8.503.932	8.243.959	8.076.187
Handbært fé frá rekstri.....	611.729	494.636	442.967
Fjárfestingar..... (38.307)	(152.000)	(287.500)
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyt.....	77.934	30.177	33.713
Afborganir langtímalána..... (1.465.160)	(411.683)	(428.023)
Tekin ný langtímalán.....	724.694	40.000	30.000
Breyting á handbæru fé (lækkun)..... (202.266)	(52.205)	(164.714)
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	16,4%	14,4%	12,2%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	13,3%	13,4%	11,6%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	0,3	1,3	1,1
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	8,5%	0,5%	0,4%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	0,5%	1,8%	3,6%
Endurgreiðslutími skulda.....	6	20	19
Veltufjárlutfall.....	0,6	0,6	0,4
A + B hluti:	Ársreikningur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015
Heildartekjur.....	5.184.323	5.308.563	5.549.029
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	1.055.184	829.529	750.092
Rekstrarniðurstaða	910.648	430.474	342.014
Handbært fé í árslok.....	670.770	613.198	448.484
Eigið fé.....	1.818.701	2.280.447	2.654.781
Skuldir og skuldbindingar.....	9.625.454	9.300.779	8.979.761
Handbært fé frá rekstri.....	1.336.939	1.123.289	1.073.971
Fjárfestingar skv. áætlun..... (532.352)	(638.000)	(662.500)
Langtímakröfur breyting.....	14.364		
Afborganir langtímalána..... (1.794.917)	(604.733)	(613.184)
Tekin ný langtímalán.....	724.694	40.000	30.000
Breyting á handbæru fé (lækkun)..... (244.972)	(57.574)	(164.714)
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	28,3%	23,7%	21,5%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	24,6%	21,9%	20,1%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	0,7	1,9	1,8
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	7,5%	0,4%	0,3%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	5,5%	6,9%	7,4%
Endurgreiðslutími skulda.....	5	15	15
Veltufjárlutfall.....	1,1	1,0	0,5

Á bls. 13 er tafla sem lýsir helstu afkomutölum og efnahagsstærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2015 fyrir A hluta annars vegar og hinsvegar fyrir samstæðu A+B hluta í samanburði við ársreikning ársins 2013 og vænta útkomuspá fyrir árið 2014.

Ársreikningur ársins 2013 var nokkuð afbrigðilegur miðað við ársreikninga fyrri ára og fjárhagsáætlun ársins 2014. Ástæða fyrir því eru tvær stórar breytingar í efnahagslið Fjarðabyggðar sem urðu 2013. Annars vegar niðurfærsla á einu erlendu láni Fjarðabyggðar í kjölfar endurútreiknings vegna ólöglegs erlends láns og hinsvegar vegna kaupa á rekstrarleiguskuldbindingum Fjarðabyggðar við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.

Áætlað er að skuldaviðmið Fjarðabyggðar verði 148% í árslok 2015 fyrir samstæðu en 177% fyrir A hlutan einan og sér eins og sjá má í töflu hér að neðan. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum. Fjarðabyggð gerði í samráði við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2012 áætlun um að þessu markmiði um skuldaviðmið A og B hluta yrði náð á árinu 2018. Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2015 gerir ráð fyrir að þessu takmarki verði náð í árslok 2015. Annað skilyrði sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði hefur Fjarðabyggð náð og mun halda.

	Ársreikningur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015
Skuldahlutfall A+B hluta	185,7%	175,2%	161,8%
Skuldahlutfall A hluta	223,1%	207,4%	195,0%
Skuldaviðmið A+B hluta	171,7%	161,2%	148,0%
Skuldaviðmið A hluta	204,9%	189,4%	177,3%

Niðurstöður þessarar fjárhagsáætlunar sýna að Fjarðabyggð mun uppfylla flest öll þau lágmarksviðmið sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sett, s.s. um framlegð af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af lánum og skuldbindingum og endurgreiðslutíma skulda. Eina frávikið sem þessi áætlun sýnir snýr að veltufjárhlutfallinu sem verður undir lágmarksviðmiði sem sérstaklega má rekja til stórrar afborgunar á einu láni á árinu 2016. Samspil nýrra fjárfestinga ásamt fjárfestingum á mótí veltufé frá rekstri uppfyllir lágmarksskilyrði nefndarinnar því óverulegur hluti greiðslu afborgana og fjárfestinga er fjármagnaður með lántöku.

1.6. Rekstrarreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2015

Samstæðuyfirlit Fjarðabyggðar						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015	Rauntölur 2013	Spá um 2014	Áætlun 2015
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	2.774.165	2.887.074	3.026.772	2.761.014	2.872.734	3.012.250
Framlög jöfnunarsjóðs.....	422.407	506.352	477.795	422.407	506.352	477.795
Aðrar tekjur.....	614.766	581.775	636.560	2.000.902	1.929.477	2.058.984
	<u>3.811.338</u>	<u>3.975.201</u>	<u>4.141.127</u>	<u>5.184.323</u>	<u>5.308.563</u>	<u>5.549.029</u>
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	2.032.642	2.329.248	2.453.623	2.181.869	2.512.976	2.668.702
Annar rekstrarkostnaður.....	1.154.750	1.075.319	1.181.298	1.536.208	1.537.609	1.687.494
Afskriftir.....	217.124	215.047	220.792	411.062	428.450	442.741
	<u>3.404.516</u>	<u>3.619.615</u>	<u>3.855.713</u>	<u>4.129.139</u>	<u>4.479.034</u>	<u>4.798.937</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	406.822	355.586	285.414	1.055.184	829.529	750.092
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	68.563	40.964	38.878	68.563	49.334	41.659
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	45.865	45.601	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(189.522)	(303.155)	(304.742)	(168.499)	(416.068)	(417.417)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	(49.418)	(47.691)	0	0	(0)
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	<u>(120.959)</u>	<u>(265.744)</u>	<u>(267.953)</u>	<u>(99.936)</u>	<u>(366.734)</u>	<u>(375.757)</u>
Rekstrarniðurstaða án framlaga	285.863	89.842	17.461	955.248	462.795	374.335
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	(27.000)	(32.321)	(32.321)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	(17.600)	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>285.863</u>	<u>89.842</u>	<u>17.461</u>	<u>910.648</u>	<u>430.474</u>	<u>342.014</u>

1.7. Efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2015

Efnahagsreikningur - eignir						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015	Rauntölur 2013	Spá um 2014	Áætlun 2015
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	4.876.342	4.803.118	4.919.935	5.246.528	5.144.759	5.238.755
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	529.559	566.714	565.784	3.755.973	4.084.513	4.260.248
Vélar, áhöld og tæki	89.992	110.043	107.895	117.591	141.119	136.947
Leigugeignir	481.938	434.908	387.878	504.690	455.892	407.094
	5.977.831	5.914.784	5.981.492	9.624.782	9.826.283	10.043.043
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	513.136	513.136	513.136	507.628	507.628	507.628
Skatteign	0	0	0	27.267	27.267	27.267
Langtímakröfur	0 (7.484) (7.473)			22.833	39.186	40.456
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	491.485	468.771	445.646	0	0	0
	1.004.621	974.423	951.309	557.728	574.081	575.351
Fastafjármunir samtals	6.982.452	6.889.207	6.932.801	10.182.510	10.400.364	10.618.394
Veltufjármunir:						
Birgðir	0	0	0	13.705	13.705	13.705
Skammtímaskröfur:						
Óinnheintar tekjur	177.073	177.073	177.073	177.073	177.073	177.073
Skammtímaskröfur á eigin fyrirtæki	274.210	246.235	214.526	0	0	0
Aðrar skammtímaskröfur	181.971	181.971	181.971	376.886	376.886	376.886
Næsta árs afborganir langtímakrafna	377	0	0	23.209	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna á eigin fyrirtæki	29.592	33.264	35.782	0	0	0
Handbært fé	661.403	609.198	444.484	670.772	613.198	448.484
Veltufjármunir samtals	1.324.626	1.247.740	1.053.835	1.261.645	1.180.862	1.016.148
Eignir samtals	8.307.078	8.136.947	7.986.636	11.444.155	11.581.226	11.634.542
Efnahagsreikningur - eigið fé og skuldir						
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	(196.854)	(107.012)	(89.551)	1.818.701	2.280.447	2.654.781
Hlutdeild minnihluta í eigin fé	0	0	0	0	0	0
Eigið fé samtals	(196.854)	(107.012)	(80.704)	1.818.701	2.280.447	2.663.628
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	1.581.618	1.693.898	1.809.546	1.698.882	1.812.255	1.929.064
	1.581.618	1.693.898	1.809.546	1.698.882	1.812.255	1.929.064
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	3.928.107	3.662.962	2.802.441	5.825.449	5.406.147	4.287.645
Leiguskuldir	888.017	866.231	844.220	930.439	907.471	882.026
	4.816.124	4.529.193	3.646.661	6.755.888	6.313.617	5.169.671
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við eigin fyrirtæki	1.142.771	1.053.591	1.066.011	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	373.598	377.051	960.172	547.544	553.530	1.255.959
Næsta árs afborganir leiguskulda	41.424	41.829	45.399	48.020	46.257	49.947
Aðrar skammtímaskuldir	548.397	548.397	548.397	575.120	575.120	575.120
	2.106.190	2.020.868	2.619.980	1.170.684	1.174.907	1.881.026
Skuldir og skuldbindingar samtals	8.503.932	8.243.959	8.076.187	9.625.454	9.300.779	8.979.761
Eigið fé og skuldir samtals	8.307.078	8.136.947	7.986.636	11.444.155	11.581.226	11.634.542

1.8. Sjóðstreymisýfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2015

Sjóðstreymisýfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2013	Útgönguspá 2014	Áætlun 2015	Rauntölur 2013	Spá um 2014	Áætlun 2015
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	285.860	89.842	17.461	936.594	462.795	374.335
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	217.124	215.047	220.792	411.062	428.450	442.741
Verðbætur og gengismunur	(50.775)	77.466	89.067	(142.195)	125.672	144.087
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(3.687)	0	0	(4.474)	(7.000)	(4.000)
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	12.526	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	58.260	148.825	153.289	60.730	153.079	157.798
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	506.782	531.181	480.608	1.274.243	1.162.995	1.114.960
Breytingar á skammtímalíðum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(4.546)	0	0	(4.546)	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	71.447	0	0	41.717	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	78.672	0	0	69.181	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(40.626)	(36.545)	(37.641)	(43.656)	(39.706)	(40.990)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	104.947	(36.545)	(37.641)	62.696	(39.706)	(40.990)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	611.729	494.636	442.967	1.336.939	1.123.289	1.073.971
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(38.307)	(152.000)	(287.500)	(532.352)	(638.000)	(662.500)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	5.300	0	0	6.300	14.000	7.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(292)	7.869	(0)	14.364	7.869	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	77.934	30.177	33.713	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	44.635	(113.954)	(253.787)	(511.688)	(616.131)	(655.500)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutfé.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(118.164)	(61.205)	44.129	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	724.694	40.000	30.000	724.694	40.000	30.000
Afborganir langtímalána.....	(1.465.160)	(411.683)	(428.023)	(1.794.917)	(604.733)	(613.184)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(858.630)	(432.888)	(353.894)	(1.070.223)	(564.733)	(583.184)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(202.266)	(52.205)	(164.714)	(244.972)	(57.574)	(164.714)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	863.669	661.403	609.198	915.742	670.772	613.198
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	661.403	609.198	444.484	670.770	613.198	448.484

1.9. Málaflokkayfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2015

Málaflokkayfirlit											
Árið 2015											
	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagns- liðir nettó	Framlög hlutdeildir og aðrir liðir	Rekstrar- niðurstaða
Aðalsjóður											
00 - Skatttekjur.....	3.093.556	456.631	0	3.550.187	0	0		0			3.550.187
02 - Félagsþjónusta.....	0	21.164	44.215	65.379	191.103	192.118		383.221			(317.842)
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	0	0	11.563		11.563			(11.563)
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	0	0	201.064	201.064	1.344.135	757.707		2.101.842			(1.900.778)
05 - Menningarmál.....	0	0	22.657	22.657	42.195	149.007		191.202			(168.545)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	0	0	109.289	109.289	214.800	497.238		712.038			(602.749)
07 - Brunamál og almannavarnir.....	0	0	127.522	127.522	166.069	68.914		234.983			(107.461)
08 - Hreinlætismál.....	0	0	14.893	14.893	0	21.272		21.272			(6.379)
09 - Skipulags- og byggingamál.....	0	0	48.252	48.252	62.390	32.716		95.106			(46.854)
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	0	0	74.009	74.009	34.208	236.551		270.759			(196.750)
11- Umhverfismál.....	0	0	21.409	21.409	72.465	48.877		121.342			(99.933)
13 - Atvinnumál.....	0	0	4.700	4.700	252	43.624		43.876			(39.176)
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	0	111.446	111.446	170.368	150.441		320.809			(209.363)
22 - Lífeyrisskuldbindingar.....	0	0	0	0	155.391	0		155.391			(155.391)
28 - Fjármagnsliðir.....	0	0	0	0	0	0		0	100.604		100.604
Aðalsjóður	3.093.556	477.795	779.456	4.350.807	2.453.376	2.210.028	0	4.663.404	100.604	0	(211.993)
Aðrir sjóðir í A - hluta											
Eignasjóður.....	0	0	921.213	921.213	247	238.547	185.545	424.339	(371.624)	0	125.250
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf.....	0	0	178.175	178.175	0	41.791	35.247	77.038	3.066	0	104.203
Millifærslur A-hluta.....	(66.784)		(1.242.284)	(1.309.068)	0	(1.309.068)		(1.309.068)	0	0	0
A - hluti samtals	3.026.772	477.795	636.560	4.141.127	2.453.623	1.181.298	220.792	3.855.713	(267.953)	0	17.461
Sjóðir í B - hluta											
Rafveita.....	0	0	278.740	278.740	124	222.740	11.279	234.143	(1.494)	0	43.103
Hítaveita.....	0	0	159.020	159.020	10.571	70.729	28.224	109.524	(34.594)	0	14.902
Vatnsveita.....	0	0	180.876	180.876	15.612	52.263	29.909	97.784	(44.751)	0	38.341
Fráveita.....	0	0	116.797	116.797	13.067	36.612	11.696	61.375	(25.278)	0	30.144
Hafnarsjóður.....	0	0	702.635	702.635	168.582	256.152	124.191	548.925	35.018	0	188.728
Félagslegar íbúðir.....	0	0	111.943	111.943	0	62.537	15.562	78.099	(31.635)	32.321	34.530
Sorpstöð.....	0	0	90.056	90.056	7.123	69.649	1.088	77.860	(5.070)	0	7.126
Millifærslur AB-hluta.....	(14.522)		(217.643)	(232.165)	0	(264.486)		(264.486)	0	(32.321)	0
A og B hluti samtals	3.012.250	477.795	2.058.984	5.549.029	2.668.702	1.687.494	442.741	4.798.937	(375.757)	0	374.335

